



Reglugerð um sameiginleg lið

breytt 7.5.2020

1. grein

Tveimur eða fleiri félögum er heimilt að senda sameiginlegt lið til keppni í Íslandsmótum. Félag getur ekki tekið þátt í Íslandsmótum með eigið lið á sama tíma og það á aðild að liði með öðru félagi í sama aldursflokki.

2. grein

Félög sem ákveða að senda sameiginlegt lið til keppni skv. þessari grein, skulu gera um það skriflegt samkomulag og senda umsókn til mótanefndar KKÍ áður en skráningarfrestur í viðkomandi flokk rennur út. Til þess að sameiginlega liðið geti öðlast keppnisrétt á komandi keppnistímabili þarf mótanefnd KKÍ að samþykkja hana. Í slíku samkomulagi skal koma fram m.a. hver beri fjárhagslega ábyrgð á samstarfinu, framkvæmd samstarfsins og stöðu félaga við slit.

3. grein

Ákveði félag að senda sameiginlegt lið til þátttöku í Íslandsmótum skal sameiginlega liðið halda sæti þess félags, sem rétt á til að leika í hæsta riðli eða deild næsta keppnistímabil.

4. grein

Ákveði félag, sem á aðild að sameiginlegu liði að senda eigið lið til þátttöku í Íslandsmótum viðkomandi aldursflokks skal líta svo á, að sameiginlega liðið hafi hætt þátttöku. Félag, sem eiga aðild að sameiginlegu liði sem hættir keppni þurfa að hefja keppni að nýju í lægsta riðli eða deild í viðkomandi aldursflokki. Félögin geta þó sótt um til mótanefndar KKÍ að halda sæti sameiginlega liðsins.

5. grein

Sameiginlega liðið er ekki nýtt félag heldur samkomulag viðkomandi félagsliða um nýtt keppnislið í fyrirfram ákveðnum aldursflokki. Leikmennirnir eru skráðir í sín félög og geta keppt í öðrum aldursflokki síns félags.